



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 14. maí 2024, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Hermann Vilmundarson, Sigurbjörn Eiríksson, Haraldur Pétursson, Lárus Sindri Lárusson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.
Fjarverandi voru: Katla Gísladóttir og Davíð Áskelsson.

1. Kvennatölt, kynning fyrir stjórn

Kvennatöltsnefndin, Hrafnhildur, Ásgerður, Anna og Matthildur, komu í heimsókn og kynntu Kvennatöltið. Núverandi nefnd er búin að vera starfandi síðan 2015-2016, búin að ganga vel og komin góð rúttina á störf nefndarinnar. Margir góðir punktar komu fram í umræðunni og ættu að nýtast á komandi mótum nefndarinnar sem og í öðru mótahaldi. Rétt að það komi fram að uppgjör nefndarinnar var til fyrirmyndar í alla staði.

2. Fundur JBV með bæjarstjóra Kópavogs

Jónína for yfir fyrirhugaðan fund hennar með bæjarstjóra Kópavogs, 15.5 kl. 9:30. Óformlegur fundur þar sem Jónína kynnir félagið, reksturinn og fjármögnun félagsins. Vonandi kemur eitthvað fram hvernig Kópavogsbær gæti hugsað sér að koma að rekstri félagsins í framtíðinni.

3. Sjálfboðaliðadagur LM, kynning í Spretti

Fundur kl. 20 þann 15.5 í Samskipahöllinni þar sem stjórn/starfsmenn LM24 kynna starfið. Ákveðið að bjóða þátttakendum upp á súpu og tilheyrandi.

4. Staðan á völlum félagsins

Búin að vinna í talsvert í að bæta velli félagsins síðustu daga og því verður haldið áfram. Rætt var um ástandið á gömlu völlum og rekstur hesta á gamla gæðingavellinum. Ákveðið að ræða málið m.a. við vallarnefnd. Í framhaldi var rætt um að útbúa verkefnaskjal fyrir framkvæmdir á svæðinu sem m.a. væri hægt að nýta sem verkefni fyrir unglingavinnuna.

5. Kynbótasýningar vorsins

Ákveðið að kaupa Ecoraster mottur (9 fm) í höllina sem nýttar verða á kynbótasýningum sumarsins. Pétur kom og skoðaði vellina í síðustu viku og Lilja heyrði í Þorvaldi sem var búinn að heyra í Pétri. Niðurstaðan að breyta engu hvað varðar vellina annað en eðlilegt viðhald.

6. Fundur með Reiðveganefnd

Sigurbjörn mætti á fund hjá Reiðveganefndinni, fundurinn fór vel fram undir dyggri stjórn Halldórs, fín fundargerð komin frá Jóni.

Farið var yfir tvo punkta sem Sigurbjörn var beðinn um að taka til stjórnar, að öllum gerðisúrgangi sé safnað á einn stað og ítreka að bannað sé að reka hesta í stóru gerðunum.

7. Reiðtúr með Höllu Hrund

Lilja setur sig í samband við Sigga Svarars um að hann setji sjálfur inn tilkynningu á Sprettararspjallið.

Fundi slitið kl. 22:00

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson